

75  
20. júní

## AUGLÝSING

um

### um samning milli Íslands og Svíþjóðar um póstviðskifti.

Póststjórnirnar á Íslandi og í Svíþjóð hafa að fengnu umboði komið sjer saman um eftirfarandi sjerstök ákvæði um póstviðskiftin milli nefndra landa.

#### 1. gr.

Fyrir eftirgreindar sendingar, sem sendar eru frá Íslandi til Svíþjóðar með beinum skipaferðum milli Íslands og einhvers Norðurlanda (Svíþjóðar, Danmerkur og Noregs), eða frá Svíþjóð til Íslands, skal taka þessi gjöld:

##### 1. Burðargjaldið undir brjef er:

	Á Íslandi	Í Svíþjóð
Ef þyngd brjefsins er ekki yfir 20 gr. ....	20 aurar	15 aurar
— — — er yfir 20 gr. en ekki yfir 125 gr.	40 —	30 —
— — — er yfir 125 gr. en ekki yfir 250 gr.	60 —	45 —

Brjef, sem vega yfir 250 gr. skal borga undir að öllu leyti samkvæmt alþjóðapóstsamningnum.

##### 2. Burðargjaldið fyrir:

	Á Íslandi	Í Svíþjóð
Einfalt spjaldbrjef er .....	15 aurar	10 aurar
Brjefspjald með fyrirfram greiddu svari .....	30 —	20 —

3. Minsta gjald undir krossbandssendingu, sem inniheldur verslunarskjöl, er hið sama og burðargjald það, sem ákveðið er í þessum samningi, undir brjef eigi þyngra en 20 grömm.

4. Fyrir ófrímerkt eða vanfrímerkt brjef alt að 250 gr., eða brjefspjald, sem og vanfrímerkta krossbandssendingu skal taka tvöfalda upphæðina, sem á vantar.

#### 2. gr.

Samningur þessi gengur í gildi þann 1. júní 1928.

Samningurinn gildir um óákveðinn tíma og getur hvor samningsaðili fyrir sitt leyti sagt honum upp með árs fyrirvara.

Gjörður í tveim eintökum bæði á íslensku og sænsku, og geymist

annað eintakið hjá póststjórninni á Íslandi og hitt hjá sænsku aðal- **75**  
póststjórninni. 20. júní

Reykjavík, 25. maí 1928 og Stokkhólmi, 14. maí 1928.

Fyrir aðalpóstmeistarann.

*S. Briem.*

*Gustaf Kihlmark.*

Þetta er hjermeð gert almenningi kunnugt.

Forsætisráðherrann, 20. júní 1928.

Tryggvi Þórhallsson.

## AUGLÝSING

um

**prófreglugjörð fyrir lærdómsdeild Gagnfræðaskólans á Akureyri.**

**76**  
7. júlí

Samkvæmt þegnlegum tillögum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins hefir Hans hátign konunginum 6. júní 1928, allramildilegast þóknast að staðfesta eftirfarandi prófreglugerð fyrir lærdómsdeild Gagnfræðaskólans á Akureyri.

## PRÓFREGLUGJÖRÐ

fyrir

**lærdómsdeild Gagnfræðaskólans á Akureyri.**

### I. KAFLI.

*Um skólanemendur.*

#### 1. gr.

Burtfararpróf lærdómsdeildar Gagnfræðaskólans á Akureyri nefnist stúdentspróf og jafngildir samskonar prófi við Hinn almenna mentaskóla í Reykjavík.

Þeir, sem ganga undir stúdentspróf við Gagnfræðaskólann á Ak-